










Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 2.tbl.

Febrúar 2016

Gaman í Leikholti



Þorrablót



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. mars 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Margar góðar bækur að lesa S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700


Breyttur opnunartími í Lyfju– útibúi Laugarási !

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Opnunartími gámasvæða vetur 2015!

Gámasvæðið við Árnes stendur við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.



Opið þar:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar. (Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Sveitarstjóri.

Folaldasýning Hestaáhugafélagsins Glaums fór fram að Vorsabæ 2 hjá þeim Stefaníu og Birni sunnudaginn 24 janúar.

Eins og undanfarin ár hafa þau veitt aðgang að sinni góðu aðstöðu handa mönnum og málleysingjum fyrir þessa sýningu.

Til gamans eru úrslitin hér:

Úrslit hestfolöld:

1. sæti Taktur frá Kálfhóli 2 Brúnn. Eigandi: Gestur Þórðarson Kálfhóli 2
Einnig efstur í áhorfendakosningu.
F: Trymbill Stóra Ási
M: Glíma frá Kálfhóli 2
2. sæti Axjón frá Vorsabæ 2 Jarpstjörnöttur. Eig: Sophie Clémentz
F: Hreyfill frá Vorsabæ 2
M: Erna frá Ási
3. sæti Blossi frá Sæfelli. Rauðblesóttur Eig: Jökull Helgason Ósabakka
F: Haukur frá Ragnheiðarstöðum
M: Von frá Uxahrygg

Úrslit merfolöld:

1. sæti Þrá frá Efri Brúnavöllum. rauð Eig: Hermann Þór Karlsson Efri Brúnavöllum
F: Markús frá Langholtsparti
M: Eik frá Stóru Hildisey
2. sæti Pokahontas frá Ósabakka. brún Eig: Hildur Sigurðardóttir Ósabakka
F: Hrannar frá Flugumýri
M: Virðing frá Hvítárholti
3. sæti Dásemd frá Vorsabæ 2 brún Eig: Sigurbjörg Bára Björnsdóttir, Vorsabæ 2
F: Hreyfill frá Vorsabæ 2
M: Silfurdís Frá Vorsabæ 2

Dómari var Páll Bragi Hólmarsson.

Með kveðju. Hildur á Ósabakka.

Skákæfingar fyrir alla á mánudagskvöldum í Þjósárskóla!



Á mánudagskvöldum kl. 19:30 í Þjósárskóla
Býður UMF Gnúpverja börnum og fullorðum
tækifæri á að hittast, og æfa sig í að tefla skák!
Við byrjum 15. febrúar n.k. og **allir** eru hjartanlega
velkomnir. Töfl og klukkur á staðnum!
Stjórn Umf. Gnúpverja



Aðalfundarboð

Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja verður
haldinn í fundarherberginu í Árnesi sunnudaginn
7. mars kl. 20.00.

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning í stjórn, Einar Gestsson lætur af
formennsku og hættir í stjórn.
- Önnur mál.

Stjórnin.

Lyfja-útibú Laugarási



Breyttur opnunartími

frá 1. febrúar 2016

kl 10 - 16.30 mánudaga – fimmtudaga og

Kl. 10-13 á föstudögum!

**Stöndum vörð um þjónustu í Uppsveitum
Verslun í heimabyggð!**

Leikholttsfréttir

Heil og sæl

Í Leikholti gengur allt sinn vanagang, hér er mikið um að vera alla daga. Í Vörðufelli er búið að vera að vinna mikið með vatnið og



verið að skoða hringrás vatnsins og gera alls konar vatnstilraunir eins og sjá má á myndunum. Ásamt vatnstilraunum eru börnin að leika sér alla daga inni og úti, fara í ART tíma og fræðast um allt mögulegt.

Í Heklu er búið að vera að mála, fara í könnunarleik og leika sér með snjóinn úti svo eitthvað sé nefnt. Bóndadaginn síðasta héldum við hátíðlegan með því að smakka á alls konar þorramat í hádeginu. Síðan gerðu börnin verkefni þar sem þau svöruðu spurningum varðandi feður sína og teiknuðu mynd handa þeim og gáfu síðan feðrum sínum þegar þau fóru heim þann daginn.

Við héldum Litadag þann 28. janúar og var þá **fjólublár dagur** en börnin velja alltaf litina sjálf og halda kosningu sem þau kjósa um þann lit sem verður, og er þar með að læra sitt um lýðræði og kosningar.

Dagur leikskólans er alltaf 6. febrúar hvert ár, það stóð til að halda upp á hann 4. febrúar en var frestað vegna veðurs. Í staðinn munum við halda upp á daginn miðvikudaginn 10. febrúar með því að bjóða foreldrum, systkinum og öfum og

ömmum að koma og taka þátt í nokkrum leikjum með okkur inn í sal, dansa á öskudansleik og skoða listaverk eftir börnin á veggjunum. Skemmtunin byrjar kl. 14.30.


Vel gengur að innleiða ART í leikskólanum.

Elstu tveir árgangarnir eru í ART tímum og margir starfsmenn eru búnir að fara á námskeið og aðrir á kynningu.



Skólaheimsóknir
byrjuðu aftur þann 4.
febrúar, skólahópur-
inn inniheldur
6 nemendur sem eru
mjög spenntir fyrir
fimmtudagsmorgnum
að fara í skólabílinn í
skólann, minnum áað
börnin verða vera
mætt kl. 8:30 til að ná
skólabílum

Við vonumst til að sjá
sem flesta í heimsökn
á Öskudaginn.
Kærar kveðjur frá
Leikholti
Gleði, vinsemd og
virðing :)



Vatnstilraunir



Velheppnuð hátíð í Árnosi þann 7. febrúar.

Í tilefni af því að hljómdiskurinn **Ó, syng þínum Drottni** með sálum sr. Valdimars Briem (1848-1930) á Stóra-Núpi er kominn út blésu Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju og kirkjukór Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna til hátíðar þann 7. febrúar. Byrjað var á messu Stóra-Núpskirkju kl. 14:00 og skáldsins minnst í tali og tónum. Haukur Guðlaugsson lék á orgelið í kirkjunni ásamt organista og sóknarprestur prédikaði. Síðan færði fólk sig í Félagsheimilið Árnes, þáði veitingar og hlustaði á kórana syngja sálma eftir skáldið. Þórður Helgason bókmenntafræðingur hélt skemmtilegt og fróðlegt erindi um tilurð sálbókarinnar og samskipti stórskáldanna á þeim tíma, þeirra Matthíasar Jochumssonar, Helga Hálfðánarsonar, Valdimars Briem og fleiri. Kom fram í máli hans að séra Valdimar samdi á milli 140 – 150 sálma en rúmlega 80 eru í núverandi sálbók. Frásagnir af ýmsum tengingum við skáldið er sumir samkomugestir sögðu frá voru líka skemmtilegar. Var þetta ljúf samvera og sóttu samkomuna rúmlega 100 manns. Viljum við enn þakka öllum er komu að þessu verki innilega fyrir hjálpina og fyrir þá velvild við verkefnið sem allir sýndu. Diskurinn fæst í Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi, Lyfju-útibúi í Laugarási, Máli og menningu í Rvík. og þá er hægt að nálgast hann hjá kórfélögum í Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna. Einnig hægt að senda póst á kirkjukorinn2015@gmail.com og fá hann sendan og greiða inn á bankareikning. Fyrir hönd þeirra sem að verkefniinu stóðu. Með bestu kveðju. Kristjana H. Gestsdóttir.

Fróðleiksmolinn

[Mánaðanöfn samkvæmt gamla íslenska tímatalinu og yfir hvaða tímabil náðu þau?](#)

- þorri hefst föstudag í 13. viku vetrar (19. – 26. janúar)
- góa hefst sunnudag í 18. viku vetrar (18. – 25. febrúar)
- einmánuður hefst þriðjudag í 22. viku vetrar (20. – 26. mars)
- harpa hefst sumardaginn fyrsta, fimmtudag í 1. viku sumars (19. – 25. apríl)
- skerpla hefst laugardag í 5. viku sumars (19. – 25. maí)
- sólmanuður hefst mánudag í 9. viku sumars (18. – 24. júní)
- heyannir hefjast á sunnudegi 23. – 30. júlí
- tvímánuður hefst þriðjudag í 18. viku sumars (22. – 29. ágúst)
- haustmánuður hefst fimmtudag í 23. viku sumars (20. – 26. september)
- gormánuður hefst fyrsta vetrardag, laugardag í 1. viku vetrar (21. – 28. október)
- ýlir hefst mánudag í 5. viku vetrar (20. – 27. nóvember)
- mörsugur hefst miðvikudag í 9. viku vetrar (20. – 27. desember)

Heimildir: Árni Björnsson, 1993. Saga daganna. Reykjavík:

Mál og menning. Almanak Háskóla Íslands fyrir árið 2000.



HJÓNABALL 2016

Hið árlega hjónaball Ungmennafélags Skeiðamanna verður haldið **laugardaginn 19. mars í Brautarholti.** Dagskrá verður með hefðbundnu sniði. Matur, grín og húllum hæ og auðvitað verður dansað fram eftir nóttu. Nánar auglýst síðar. ☺



2016 nefndin

Sameiginlegur deildarfundur Sláturfélags Suðurlands í Árnesi

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeildum verður haldinn í félagsheimilinu Árnesi **miðvikudagskvöldið 24. febrúar kl 20:30.**

Sigurður Ingi Jóhannsson Landbúnaðar og sjávarútvegsráðherra verður sérstakur gestur fundarins.

Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni Sláturfélagsins.
Deildastjórar.

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó.

Höfum þessa góðu vöru alltaf til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047- 898-6047-865-8776.





Smárafréttir

FEBRÚAR 2016



Helgarnámskeið með Heklu Katharínu Kristinsdóttir

Hestamannafélagið Smári mun bjóða upp á helgarnámskeið dagana 19. og 20. mars í reiðhöllinni á Flúðum. Þar mun Hekla Katharína vera með einstaklingsbundið námskeið sem hentar öllum knöpum.

Fyrir hádegi á laugardeginum munu allir fá 20 mínútur í einkatíma þar sem hún fylgist með knapa og hesti, hvað kennarinn og knapinn vilja vinna með á námskeiðinu.

Í hádeginu verður boðið upp á léttan hádegisverð, svo verður klukkutíma bóklegur fyrirlestur um almenna þjálfun reið- og keppnishesta.

Eftir hádegi verða tveir saman í hóp í klukkutíma í senn.

Á sunnudeginum fá allir klukkutíma einkakennslu.

Verð 22.000 kr. fyrir helgina, aðeins eru 6 sæti laus á þetta námskeið.

Ekki láta þetta flotta námskeið fram hjá ykkur fara.

Skráning fer fram á smari@smari.is og líkur skráningu 5. mars

Mótin 2016

13 FEB	1 vetrarmót
19 FEB	Uppsveitadeild fullorðinna
6 MARS	2 vetrarmót
18 MARS	Uppsveitadeild fullorðinna
23 MARS	Sameiginlegt töltnót Smára, Loga og Trausta
8 APRÍL	Uppsveitadeild fullorðinna
23 APRÍL	3 vetrarmót
1 MAÍ	Firmakeppni

SMÁRI



AÐALFUNDUR Smára var haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum í janúar. Farið var yfir árið 2015 og komandi starfsár rætt. Ingvar Hjálmarsson bauð sig fram í áframhaldandi formannssetu og var því fagnað á fundinum. Bára Másdóttir bauð sig ekki fram til áframhaldandi setu. Í stjórn sitja nú Ingvar Hjálmarsson formaður, Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaform. Aðalheiður Einarsdóttir ritari, Svanhildur Hrönn Péturssdóttir gjaldkeri. Nýr inn í stjórn kemur Bjarni Músson og bjóðum við hann velkominn til starfa. Í Varastjórn sitja Lilja Össurardóttir, Einar Logi Sigurgeirsson og Bára Sævaldsdóttir. Nefndarskipan var kynnt og má sjá upplýsingar um nefndir Smára inn á www.smari.is Ólafur Ásgeirsson hlaut Blæsbikarinn fyrir góðan árangur á árinu 2015. Hann sigraði m.a. fjórgang í meistaradeild vís, tólt á gæðingamóti Geysis, B flokk og tólt á gæðingamóti Smára svo fátt eitt sé nefnd. Til hamingju með frábæran árangur.

Undirbúningur fyrir landsmót 2016

Æskulýðsnefnd Smára í samstarfi við æskulýðsnefnd Loga hefur ákveðið að standa fyrir einkatímum með þjálfara fyrir þau **ungmennni, unglinga og börn** sem stefna á úrtöku fyrir landsmótið á Hólum 2016.

Tímarnir fara fram annan hvern miðvikudag, eftir kl 17.00 í Reiðhöllinni á Flúðum eða eftir atvikum á keppnisvelli Smára. Stefnt er að því að fyrsti tími fari fram í febrúar og að og um níu skipti verði að ræða, 30 mínútur í senn.



Þjálfari er Eyrún Ýr Pálsdóttir.
Námskeiðsgjald verður upb. 40.000,-
Endanlegt verð og nánari tímasetningar þegar skráning liggur fyrir.

Skráning á smarakrakkar@gmail.com

SMÁRAPEYSAN Æskulýðsnefndin stendur fyrir kaupum á smárapeysunni. Áhugasamir geta mætt í reiðhöllina 15. febrúar eftir kl 17.00 og mátað og lagt inn pöntun.

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR verður haldin í samstarfi við Loga með sama sniði og undanfarin ár og hefst í Reiðhöllinni á Flúðum í mars. Mótadagar eru eftirfarandi:

- 5. mars** Barnaflokkur þriggungur
Unglingaflokkur fjórgangur.
Æfingatími 1. mars.
- 16. apríl** Barnaflokkur fjórgangur og tölt
Unglingaflokkur fimmgangur og tölt.
Æfingatími 12. apríl.
- 7. maí** Barnaflokkur smali
Unglingaflokkur smali og flugskeið.
Æfingatími 6. maí.

Skráning á fyrsta mót fer fram með sendingu tölvupósts á smarakrakkar@gmail.com til miðnættis 3. mars. Koma þarf fram kennitala knapa, fæðingarnúmer hests og hvaða tónlist er óskað eftir.

LANDSMÓT 27.6-3.7

Í bígerð er að standa fyrir námskeiði fyrir knapa og gæðinga sem stefna að úrtöku fyrir landsmót. Meira um það síðar.

REIÐSKÓLI fyrir byrjendur verður starfræktur í reiðhöllinni með svipuðu sniði og í fyrra. Sex skipti og hefst 28. mars. Nánar auglýst síðar.

HESTHEIMAFERÐ 27-29 MAÍ. Nánar auglýst síðar.

FÉSBÓK ...

Allir viðburðir æskulýðsnefndar verða auglýstir grímt á fésbókarsíðu Smáarakrakka.
Fylgist með þar.
kveðja, Æskulýðsnefnd Smára



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



í samstarfi við



Uppsveitadeildin 2016 hefst með pompi og prakt, föstudagskvöldið 19. febrúar í Reiðhöllinni á Flúðum. Dagskráin hefst með kynningu á liðum kl. 19:45 og keppnin í fjórgangi hefst stundvíslega kl. 20:00.

Aðsókn keppenda í Uppsveitadeildina hefur aldrei verið meiri en nú. Alls eru skráðir 42 knapar til leiks úr hestamannafélögunum í Uppsveitunum, Loga, Smára og Trausta. Átta lið munu bitast um það hvert þeirra stendur uppi sem sigurvegari í apríl þegar lokakeppni hefur farið fram.

Liðin verða þannig skipuð:

Frá hestamannafélaginu Loga

Kristján Ketilsson, liðsstjóri
Finnur Jóhannesson
Jón Óskar Jóhannesson
Emil Þorvaldur Sigurðsson

Guðrún Magnúsdóttir, liðsstjóri
Líney Kristinsdóttir
Gústaf Loftsson
Karitas Ármann
Linda Karlsson

Sólon Morthens, liðsstjóri
Árný Oddbjörg Oddsdóttir
Arnar Bjarki Sigurðarson
Þórey Helgadóttir

Frá hestamannafélaginu Smára

Matthildur María
Guðmundsd., liðsstjóri
Hermann Þór Karlsson
Sigurbjörg Bára
Björnsdóttir
Bjarni Birgisson
Gunnlaugur Bjarnason
Eiríkur Arnarsson

Þórarinn Ragnarsson,
liðsstjóri
Hulda Finnsdóttir
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
Lárus Sindri Lárusson
Ingvar Hjálmarsson

Helgi Kjartansson,
liðsstjóri
Erna Óðinsdóttir
Bragi Viðar Gunnarsson
Maja Roldsgaard
Jón William Bjarkason
Þorsteinn G.
Þorsteinsson

Guðmann Unnsteinsson,
liðsstjóri
Guðjón Örn Sigurðsson
Guðjón Hrafn Sigurðarson
Björgvin Viðar Jónsson
Björgvin Ólafsson
Laura Catherine Jungen
Sørensen

Frá hestamannafélaginu Trausta

Bjarni Bjarnason, liðsstjóri
Ragnheiður Bjarnadóttir
Guðjón Sigurliði Sigurðsson
Hildur Kristín Hallgrímsdóttir
Halldór Þorbjörnsson
Matthias Leó Matthíasson

Eins og áður sagði hefst Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta 2016, föstudagskvöldið 19. febrúar í Reiðhöllinni á Flúðum. Þá verður keppt í fjórgangi. Keppni í fimmgangi verður haldin



Ferðamálaping með vorinu Orðsending til ferðapjónustuaðila og annarra.

Þetta bréf er sent til þín og annarra ferðapjónustuaðila sem gætu haft hagsmuni af og/eða áhuga á þingi sem væri ætlað öllum aðilum sem að þessu máli koma hér í Skeiða og Gnúpverjahreppi. Unnið hefur verið að atvinnumálastefnu á vegum Atvinnu og samgöngunefndar undanfarin misseri með ráðgjöfum frá SASS. Og er þessi hugmynd ein af afurðum þeirrar vinnu. En stefnt er að því að skila skýrslu sem verður höfð til grundvallar atvinnumálastefnu Skeiða og Gnúpverjahrepps nú í vor.

Ljóst er öllum að mikil og ónýtt tækifæri liggja í ferðapjónustu hér í sveit og erum við á sumum sviðum komin mun skemmra á veg heldur en sveitarfélögin hér í kringum okkur.

Þingið er hugsað sem samráðsvettvangur þar sem hagsmunaaðilar gætu komið með og þegið hugmyndir um hvar skóinn helst kreppir og uppúr því er svo vonandi hægt að vinna markvissar að framgangi greinarinnar fyrir alla hér.

Hugmynd eru uppi um að búa til litla umræðuhópa. Þar yrðu tekin til umræðu mál eins veitingarekstur, gisting, afþreying, sérferðir eins og t.d. hesta og gönguferðir. o.sv.frv.

Fengnir yrðu utanaðkomandi sérfræðingar og fyrirlesarar í þessum málum sem gestir þingsins gætu svo líka leitað til og fengið ráðgjöf.

Ef þú hefur áhuga á að mæta á þing sem þetta nuna í vor þá endilega látið okkur vita sem fyrst svo við getum farið á fulla ferð við að undirbúa þetta sem allra best. Eins væri vel mjög þegið að fá hugmyndir um hvað þú vildir sjá á þessu þingi varðandi dagskrá, sérfræðinga o.s.frv.

Hægt er að hafa sambandi við skrifstofu hreppsins **486 6100** eða gegnum tölvupóst

skeidgnup@skeidgnup.is

Með bestu kveðju

Atvinnu- og samgöngumálanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2016



21. feb.: *Kvöldmessa með léttri tónlist í Ólafsvallakirkju í kl. 20:30.*

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngur.

13. mars: *Æskulýðsguðspjónusta í Hrunakirkju kl. 11.*

25. mars – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur í Hrepphóla kirkju frá kl. 13.*

27. mars – páskadagur: *Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8*

og hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11.

28. mars – annar í páskum: *Hátíðarmessa og ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11*

9. apríl – laugardagur: *Sunnudagaskólahátíð í Skálholtskirkju kl. 11 í samstarfi við Skálholtsprestakall.*

10. apríl: *Messa í Hrepphóla kirkju kl. 14. Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvalla sókna syngur sálma sr. Valdimars Briem.*

21. apríl – sumardagurinn fyrsti: *Fjölskylduguðspjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11.*

Lok barnastarfs.

24. apríl: *Guðspjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í*

Stóra-Núpskirkju kl. 14. Tvennir tímar leiða söng í messunni.

www.hruni.is

Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur.

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna
sýnir gamanleikinn



Brúðkaup



eftir Guðmund Ólafsson.

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

Sýnt í Félagsheimilinu Aratungu

- 5. sýning: Föstudaginn 12. febrúar
- 6. sýning: Fimmtudaginn 18. febrúar
- 7. sýning: Laugardaginn 20. febrúar
- 8. sýning: Sunnudaginn 21. febrúar
- 9. sýning: Miðvikudaginn 24. febrúar
- 10. sýning: Föstudaginn 26. febrúar
- 11. sýning: Laugardaginn 27. febrúar

Allar sýningar hefjast kl: 20:00

Upplýsingar í síma 896-7003

Á undan leiksýningum býður

Café Mika Reykholti,

upp á sérstakan leikhúsmatseðil.

Upplýsingar og borðapantanir

upp á sérstakan leikhúsmatseðil.

Upplýsingar og borðapantanir
í síma 486-1110



24. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn

3. febrúar 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Halla Sigríður Bjarna-dóttir, Meike Witt og Kristjana H. Gestsdóttir er sat fundinn í fjarveru Gunnars Arnar Marteinsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Kristjana Gestsdóttir óskaði eftir að einu máli verði bætt við dagskrána. Umsögn um Þingskjal 013 Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sölu á áfengi og tóbaki, var það samþykkt samhljóða og verður það mál nr. 19.

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu :

1. Reykholtslaug í Þjórsárdal. Áform um framkvæmdir. Ragnheiður Björk Sigurðar-dóttir, Magnús Orri Schram, Ellert Schram og Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir lög-maður mættu til fundar og greindu frá áformum um uppbyggingu við Reykholtslaug í Þjórsárdal. Magnús og Ellert hafa gengið til samstarfs við Ragnheiði Björk um framtíðaráform um uppbygginu við Reykholtslaug. Magnús talaði fyrir hönd hópsins og greindi fá áformunum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í áformin.
2. Framkvæmdaleyfi Búrfell 2. Lögð var fram beiðni frá Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi um Virkjunina Búrfell 2. Undirrituð af Rögnu Árnadóttur aðstoðarfor-stjóra Landsvirkjunar. Um að er að ræða stækkun við núverandi virkjun í Búrfelli. Áform um stækkun felast í byggingu nýs stöðvarhúss sem nýta mun sama fall í Þjórsá og núverandi virkjun. Áætluð orkugeta nýrrar virkjunar er um 300 GW/ári eða 100 MW. Með beiðninni fylgdu ítarleg tilheyrandi gögn í máli, myndum og kortum. Greinargerð deiliskipulags og efnistökuáætlun ásamt uppdráttum yfir til-heyrandi landsvæði. Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfið og felur skipulags-fulltrúa að undirrita framkvæmdaleyfið fyrir hönd sveitarfélagsins að uppfylltum formsatriðum er varða eftirlit með framkvæmdunum.
3. Val á skipulagsráðgjafa við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn Skeiða—og Gnúpverjahrepps hefur ákveðið að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins 2017-2029. Send voru gögn til sex aðila. Leitað var til sjö fyrirtækja sem talið var að byggju yfir reynslu og þekkingu á aðalskipulagsgerð og staðarþekkingu á aðalskipulagssvæð-inu. Tilboð bárust frá fimm aðilum. Eitt tilboð var áberandi hæst þrjú á svipuðu róli, og eitt nokkru lægra. Eftir að hafa farið yfir tilboðin er ljóst að allir bjóðendur uppfylla hæfniskröfur sem áskildar eru til að framkvæma verkið. Endurskoðun aðalskipulags er nokkuð yfirgrips mikið verk. Það er freistandi að taka lægsta tilboði en eftir nánara mat oddvita og sveitarstjóra á reynslu og þekkingu þeirra er standa að tveimur lægstu

tilboðunum, er niðurstaðan sú að lægstbjóðandi hafi að mati sveitarstjórnar ekki þá reynslu sem þau fyrirtæki hafa sem buðu næstlægsta verðið. Tilboð þeirra eru töluvert hærri og má ætla að erfitt geti reynst að standa við lægsta tilboðið. Að öllu samanteknu er það mat sveitarstjórnar að þekking og reynsla vegi þyngra en verð og því verði gengið til samninga við Steinsholt sf og Eflu ehf sem var næstlægst á grundvelli tilboðs þess. Sveitarstjóra falið að undirrita þar að lútandi samning fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Kristjana H. Gestsdóttir sat hjá.

4. Sorpþjónusta. Ákvörðun um útboð. Íslenska gámfélagið hefur annast sorpþjónustu fyrir sveitarfélagið undanfarin ár. Samningur er útrunninn. Innkaupareglur sveitarfélagsins kveða skýrt á um að þessa þjónustu skuli bjóða út í ljósi fjárhæða. Samþykkt að fela Sveitarstjóra að vinna að undirbúningi útboðs. Samþykkt að boða Umhverfisnefnd til samráðsfundar um málið.
5. Niðurstaða kosningar um nafn á sveitarfélagið. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti niðurstöðu kosningar um nafn á sveitarfélagið er fram fór 9 janúar sl. með kjörsókn upp á 53,4 %. Skeiða- og Gnúpverjahreppur fékk flest atkvæði.
6. Uppgjör milli Landsvirkjunar og SKGN um Þjórsárstofu. Oddviti kynnti drög að uppgjóri milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar um uppgjör kostnaðar við Þjórsárstofu. Drögin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að undirrita uppgjórið.
7. Erindi frá Stóru-Laxárdeild VÁ vegna brúar í Hólma. Erindi frá Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnessýslu, undirritað af Esther Guðjónsdóttur formanni. Þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í gerð brúar í Hólma í Stóru-Laxárgljúfrum. Samþykkt samhljóða að leggja 100.000 kr til verkefnisins. Bókist á lykil nr. 1304. Ýmis atvinnumál. Tekið verði tillit til þess í viðauka við fjárhagsáætlun.
8. Mammút travel ehf. Leyfi til gistingar á Flötum 14. Beiðni um umsögn. Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar umsagnar um rekstrarleyfi Mammút travel kt 681111- 20140 til gistingar í sumarbústaðnum Flatir 14. Beiðni undirritað af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.
9. Stóri- Núpur. Fastanr. 166608/ 220-2681 og 220-2682. Ósk um niðurfellingu fasteignagjalda. Erindi barst frá Huga Ármannssyni Stóra- Núpi. Er þar vísað til laga nr 80/2012 um menningarminjar. Þar sem kveðið er á um heimild sveitarstjórna til að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum. Í ljósi þess óskar Hugi eftir að felld verði niður fasteignagjöld árið 2016 af fasteigninni Stóri-Núpur fastanr 166608 / 220-2681 og 220-2682. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurgreiða sem nemur fasteignagjöldum af ofangreindum eignum, auk eignarhluta í sama húsi, verði framvísað

reikningum með samsvarandi fjárhæðum er sýni fram á endurbætur á eigninni.

10. Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar. Lögð var fram beiðni frá stjórn Skálholtsstaðar um styrk til kaupa á hljóðkerfi í Skálholtsdómkirkju. Áætlaður kostnaður við hljóðkerfið 2.500.000 kr. Bréfið er sent til sveitafélaga í uppsveitum og sóknarnefnda, auk fyrirtækja í héraðinu. Samþykkt að vísa erindinu til Oddvitaneftdar Laugaráslæknishéraðs.

Fundargerðir

11. Fundargerð fundar Skipulagsnefndar nr 102. Mál nr. 14 þarfnast afgreiðslu.
Mál nr. 14. Alifugla-, svína- og loðdýrabú : Fjarlægð að lóðamörkum.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að Skipulagsfulltrúa verði falið að skoða tilheyrandi reglur og gögn.
12. Fundargerð fundar Skipulagsnefndar nr 103. Mál nr. 16,17,18 og 20 þarfnast afgreiðslu.
Mál nr. 16. Réttarholt (A) lnr 166587: Breyting á notkun húsnæðis í íbúðarhús: Fyrirspurn – 1601021. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti að húsinu verði breytt í íbúðarhús með fyrir vara um nauðsynlegar breytingar til samræmis við kröfur um byggingareglugerðar um íbúðarhús.
Mál nr. 17. Búrfellsvirkjun : Stækkun virkjunar : Framkvæmdaleyfi – 1601024.
Sveitarstjórn samþykkir umrætt framkvæmdaleyfi. Vísað er til liðar 2 í fundargerð sveitarstjórnar 03.02.2016. Mál nr. 18. Hraunvellir : Ólafsvellir – Aðalskipulagsbreyting 1508074. Svæði fyrir verslun og þjónustu. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa breytinguna skv. 1. Mgr. 31. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa falið að annast auglýsinguna.
Mál nr. 20. Alifugla-, svína- og loðdýrabú : Fjarlægð bygginga að lóðamörkum – 1512039. Sent á öll sveitarfélög. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að skipulagsfulltrúa verði falið að vinna gátlista um þau atriði sem fjalla þarf um í deiliskipulagi fyrir slíka starfsemi í samráði við Skipulagsstofnun.
13. Fundargerð Menningar- og æskulýðsnefndar frá 20.01.16. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Skipun fulltrúa í Menningar- og æskulýðsnefnd. Hildur Lilja Guðmundsdóttir tilkynnti afsögn sína úr nefndinni í fundargerð nefndarinnar þann 20 janúar sl. Kristjana H. Gestsdóttir og Halla Bjarnadóttir gerðu tillögu um Ólaf Hafliðason í hennar stað. Tillaga samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn þakkar Hildi Lilju fyrir sérlega vel unnin störf í þágu nefndarinnar.

15. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 27.01.16. Fundargerð lögð fram og kynnt.
16. Fundargerð Skólanefndar Flúðaskóla frá 27.01.16. Fundargerð lögð fram og kynnt. Samhliða kynnt og lögð fram skýrsla um skipulagða skimun og eftirfylgd með læsi í 5 og 9 bekk í Árnesþingi.

Samningar

17. Samningur um heimaþjónustukerfi. Sveitastjóri greindi frá nýju kerfi Curron ehf fyrir heimaþjónustu aldraða. Hefur kerfið verið kynnt fyrir sveitarfélögunum í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Um er að ræða bakendabúnað og búnað í snjallsíma. Samningsdrög við áðurnefnd sveitarfélögin voru lögð fram og kynnt. Reiknað er með að kerfið verði tilbúið til notkunar á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Sveitarstjórn samþykkir samhliða að taka þátt í samningum og felur sveitarstjóra að skrifa undir samninginn fyrir hönd samninginn.
18. Samningur um Seyru. Þarfnast staðfestingar. Lagður fram áður samþykktur og undirritaður samningur um seyrulosun. Samningur staðfestur.
19. Þingskjal 13. Frv. lög um versl. með áfengi og tóbak.

Kristjana Gestdóttir lagði fram svohljóðandi bókun: Ég undirrituð lýsi megnri andstöðu minni við breytingu á „Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).“ (Þingskjal 13.)

Ég tel að með þessari breytingu séu einkahagsmunir settir ofar lýðheilsu í landinu, Þar sem margsannað er að aukið aðgengi sérhverrar vöru þýðir meiri neysla og áfengi er talið mjög áhættusamt fíkniefni, svo ekki sé fastar að orði kveðið og ég tel að aðgangur á þessu efni sé meira en vel ásættanlegur í landinu. Einnig tel ég að að þetta brjóti í bága við yfirlýsta lýðheilsustefnu í landinu og samkv. nýjustu könnunum eru 62% landsmanna á móti þessari breytingu sem segir manni að almenningi hugnast þetta ekki. Einnig geri ég alvarlega athugasemd við afgreiðslu málsins út úr nefnd þeirri er fjallaði um það. Meike Witt tók undir bókunina. Aðrir sátu hjá.

20. Önnur mál löglega fram borin.

I. Virkjanasýning í Búrfelli. Fréttir hafa borist af því að virkjanasýning Landsvirkjunar í Búrfelli verði lögð niður tímabundið eða til frambúðar. Sveitarstjórn sýnir því skilning að erfitt verði að halda sýningunni opinni meðan á framkvæmdum við Búrfell 2 stendur. En leggur á það áherslu að sýningin verði opnuð að nýju á sama stað að þeim framkvæmdum loknum.

II. Póstþjónusta í dreifbýli. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með núverandi þjónustu Íslandspósts. Engu að síður lýsir sveitarstjórn áhyggjum af því ef svo fer að pósthjónusta verði skert með fækkun reglulegra pósthferða eins og boðað hefur verið í öðrum landshlutum.

Mál til kynningar :

- A. Fundargerðir stjórnar SASS nr. 498-503.
- B. Fundargerð. SÍS og Kennarasambands.
- C. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar.
- D. Yfirlit yfir greiðslur Húsaleigubóta.
- E. Afgreiðslur Byggingafulltrúa 05.01.16
- F. Bréf frá Forsætisráðuneyti varðar þjóðlendum.
- G. Fundur Fagráðs Tónlistarskólans
- H. SOS stjfn Sorpst Su nr 245.
- I. Auglýsingar utan þéttbýlis.
- J. Reglugerð um Bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga SVF.
- K. Bréf frá Skipulagsst. Deiliskipulagstillaga Hvammsvirkjun.
- L. Ísland Ljóstengt. Kynningarefni.
- M. Staða lána SKGN hjá Lánasjóði sveitarfélaga. 31.12.2015.
- N. Smári – Skýrsla ungliðastarfs 2015.
- O. Þingskjal 0546 Frv til laga um br á lögum um vatnsveitur svf.
- P. Þingskjal 0550 Frv til laga um br á lögum um fráveitur.
- Q. Þingskjal 13. Frv lög um versl m áfengi og tóbak.
- R. Viðbótarsamningur milli Landsnets og Landsvirkjunar.
- S. Dagur leikskólans 2016.

Fundi slitið kl 17:28

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 2. mars næstkomandi kl 14:00.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svíþjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Frá og með miðvikudeginum **10. febrúar**
breytist áætlun Landflutninga í Árnessýslu:
Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka
daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



www.landflutningar.is



Skákfréttir

26. febrúar var skákdagurinn haldinn um land allt. Dagurinn er tileinkaður Friðrik Ólafssyni, fyrsta stórmeistara Íslendinga í skák. Þjórsárskóli tók þátt í þessum viðburði og héldum við skákmót hér í skólanum. Nemendum skólans var skipt í tvo hópa, eldri og yngri. Teflt var á 8 borðum í eldri deild og 12 borðum í yngri deild. Mikil spennu myndaðist þegar síðustu einvígin voru háð. Í eldri deild vann Þrándur Ingvarsson og í yngri deild vann Magnús Arngrímur Sigurðsson. Óskum við þeim til hamingju með skákmeistaratitlana.




Skauta og menningarferð

Miðvikudaginn 3. febrúar fórum við til í skauta og menningarferð til Reykjavíkur. Við byrjuðum í Egilshöll þar sem farið var á skauta. Allir voru duglegir að æfa sig, sumir fóru í íshokki, aðrir í leiki. Við áttum góða stund saman og þegar búið var að skauta fengu allir pítsur.

Þá var ferðinni haldið í Þjóðminjasafnið. Þar var vel tekið á móti okkur og nemendum var skipt í tvo hópa. Yngri nemendur fengu fræðslu um safnið og fengu að skoða og prófa gamla hluti. Eldri nemendur fengu fræðslu um víkingatímann og landnámsmenn og fengu að klæða sig í búninga frá tímabilinu. Nemendur voru til fyrirmyndar í alla staði, voru kurteisir, sýndu mikinn áhuga og spurðu góðra spurninga.

Bestu kveðjur úr Þjórsárskóla.

Bolette og Kristín.



Uppáklæddir
nemendur á
tröppum Þjóðminja-
safnsins.

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum fyrir börn og unglinga.

Áherslur námskeiðsins miða við þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og verður námskeiðið keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar í samstarfi við hestamannafélagið Loga.

Kennari verður Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.

Dagsetningar:

Mánudagur 15. febrúar

Mánudagur 22. febrúar

Mánudagur 29. febrúar

Mánudagur 7. mars

Mánudagur 14. mars

Mánudagur 11. apríl

Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir **12. febrúar**

Námskeiðsgjald 8.000,-

Mótadagar Uppsveitadeildar æskunnar eru:

Laugardagur 5. mars

Laugardagur 16. apríl

Laugardagur 7. maí



Kveðja, Æskulýðsnefnd Smára.

TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar

Grímnæsið, Bláskógabyggð,

Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kv. TAXI DRIVER

Símar: 776 0810 & 783 1224



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



**Umsóknarfrestur í Atvinnuuppbyggingarsjóð
Skeiða- og Gnúpverjahrepps er til 1. apríl 2016.
og 1. úthlutun er 1. maí 2016.**



Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélgsins.

Meðf. er hluti úthlutunarreglna en þær má skoða í heild sinni á
[www.skeidgnup.is/Reglur og samþykktir](http://www.skeidgnup.is/Reglur%20og%20samþykktir)

2. gr.

Umsjón sjóðsins er í höndum sveitarstjórnar sem fjallar um umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr honum. Áður en til úthlutunar getur sveitarstjórn aflað faglegs álits á umsóknum.

3. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla byggð og atvinnu í sveitarfélaginu.

4. gr.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun í sveitarfélaginu. Þeir sem lögheimili hafa, reka atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu eða ætla að hefja atvinnurekstur í sveitarfélaginu hafa alla jafnan forgang að úthlutun.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu almennt ekki vera hærri en sem nemur 50% af heildarkostnaði.

6. gr.

- a) Forsenda styrkúthlutunar er að umsækjendur leggi fram kostnaðar- og verkáætlun með umsókn. Þá skal vinna framvinduskýrslu og/eða lokaskýrslu vegna verksins.
- b) Almennt skal miða við að styrkir séu greiddir út samkvæmt framvindu verksins. Þó er heimilt að greiða þriðjung væntanlegs styrks við upphaf verksins, næsta þriðjung í samræmi við framvindu og síðasta þriðjung við verklok þegar fyrir liggur loka skýrsla og/eða kvittanir fyrir útlögðum kostnaði.
- c) Breytist forsendur verksins verulega á styrktíma er hægt að slíta samstarfi við þann sem nýtur styrks og fella niður þær greiðslur sem ekki hafa verið inntar af hendi.
- d) Verði styrkþegi uppvís að röngum upplýsingum og/eða að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlunum er heimilt að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

10. gr.

Einfaldur meirihluti sveitarstjórnar ræður ákvörðunum ef úthlutunum er lokið með atkvæðagreiðslu.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það — í verki !

802



YOGA - YOGA Í ÁRNESI !

NÚ BREYTUM VIÐ TÍMASETNINGU Í YOGA Í ÁRNESI.

ÞAÐ VERÐUR KL. 20.00 NÆSTU MÁNUDAGSKVÖLD

ALLTAF HÆGT AÐ BYRJA OG VERA MEÐ.

Upplýsingar í síma 861-7013 - Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á

vgholt@internet.is

Kær kveðja. Rosemarie. - Kvenf. Gnúp.

Vantar þig hóp af öflugum unglingum í átaksvinnu?

Nú í vor ætla unglingadeildin Vindur sem í eru krakkar úr Hrunamanna-, Skeiða- og Gnúpverjahreppi að leggja land undir fót og fara að heimsækja björgunarsveitarkrakka í Noregi. Því eru þau núna í fjáröflunum til að standa straum af kostnaði við ferðina. Eitt af því sem þau ætla að gera til fjáröflunar er að taka að sér vinnu.

Ef þú ert með verkefni/vinnu sem hópur af öflugum unglingum gæti unnið fyrir þig þá er um að gera að hafa samband við okkur. Allar nánari upplýsingar eru hjá Halldóru í síma 892-1276 eða í tölvupósti á netfangið

fossari@simnet.is



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti

Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni


Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Á bak við eldavélina!

Nú býður Víkingur í Grænuhlíð okkur upp á spennandi rétti, við gefum honum orðið.

Ég vil þakka Jónasi fyrir tilnefninguna og skelli hér tveimur uppskriftum.



Góður réttur að norðan ☺

1 kg nautagúllas eða lamba

1/2 lítri vatn


1 lítri rjómi (venjulegur)

400 gr. rjómaostur

400 gr. gráðostur

gulrætur og brokkoli eftir smekk

kryddað með salti og season all.



Kjötið steikt vel á pönnu, sett í pott og skolið pönnuna og setið kraftinn út í pottinn látið malla í 60 mín, þá er rjóminn, rjómaostur og gráðostur inn settir út í, einnig gulrætur og brokkolið, allt látið malla þangað til að þetta er tilbúið, meðlæti soðnar kartöflur.

Karrý hrossapottréttur

1 kg hrossagúllas

2 nautateningar

salt og pipar

gulrætur

blómkál

maísaunir

grænar baunir

2 dósir 400 ml. kókosmjólk

1 tesk. Karrý.

Kjötið steikt vel,

1 líter af vatni sett á pönnuna til að ná í kraftinn hellið af pönnunni í pott og teningarnir settir líka út í og soðið við lágan hita í 4 klst.

Setjið karrý, grænmeti og kókosmjólkina út í síðasta klukkutímann.

Meðlæti, hrisgrjón og snittubrauð.



Ég skora á Eypór Brynjólfsson sundlaugavörð að koma með næstu uppskrift.

Kveðja Víkingur, Grænuhlíð.





Menn og málefni!



Fjölbrautarskóli Suðurlands á Selfossi útskrifaði sjö stúdenta úr sveitinni þann 19. desember s.l. Þau eru:

Andrea Ýr Úlfhéðinsdóttir Haga 2, Ingvar Hersir Sveinsson, Reykjahlíð, sem luku stúdentsprófi af Náttúrufræðibraut.

Gunnlaugur Bjarnason, Blesastöðum 2, varð stúdent af Viðskiptabraut og Hestabraut. Katrín Georgsdóttir, Ólafsvöllum, stúdent af Félagsmálabraut. Hannes Orri Ámundson, Norðurgarði, Hildur Birna Vignisdóttir, Brautarholti, og Margrét Hrund Arnarsdóttir,

Gunnbjarnarholti luku prófi af Opinni fjölgreina stúdentsbraut. Þetta er föngulegur hópur nýstúdenta í sveitinni og óskum við þeim öllum hjartanlega til hamingju með áfanga sína.



Þorrablótsnefndin 2017

Ritstjóri ákvað að setja hér á blað næstu Þorrablótsnefnd þar sem yfirleitt hafa verið nokkrar vangaveltur, jafnvel miklar, við að reyna muna hverjir skipa þá ágætu nefnd frá ári til árs. Nú leikur ekki vafi á því lengur. ☺

Bryndís Eva Óskarsdóttir, form. Háholti
Bjarni Másson, Háholti
Bente Hansen, Birkikinn
Daði Viðar Loftsson, Birkikinn
Elwira Kacprzycka, Breiðanesi
Sveinn Þór Gunnarsson, Breiðanesi
Josephin J.S. Denami, Vestra-Geldingaholti
Sigfús B. Sigfússon, Vestra-Geldingaholti
Helga Höeg, Hæli 1
Þórir Árnason Þjórsárholti.
Kristjana H. Gestsdóttir, Hraunteigi
Birgir Örn Birgisson, Hraunteigi
Sigríður Björk Marinósdóttir, Prándarholti 3
Arnór Prándarson, Prándarholti 3



Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Giant D254SW

(oft nefndur litli risinn)

Smár en knár 25 hestafla

liðléttingur

Getur lyft eigin þyngd.

Til afgreiðslu strax.



Tilboð á spónum Kr. 1.845,-

*músk 20 kg. balli ef tekið er eitt bretti
(15 ballar á bretti)*



Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni.

Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur - Léttur



Framúrskarandi
fyrirtæki



Gunnbjarnarhóli,
801 Selfoss
Sími 480 5500



Neslaug opnar 5.mars

Opið alla laugadaga kl. 12 - 18

Opnunartilboð!

**20 miða kort kr 4000,- aðeins seld
á tilboði laugardaginn 5. og 12. mars.**

Fæst aðeins í Neslaug en gildir **Nýtt!
fyrir báðar laugar.**

Skeiðalaug opin:

Fimmtudaga: 18 — 22

Mánudaga 18 — 22

Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 69 ára 600 kr.
Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort 3.000 kr.
10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort..... 6.000 kr. **Nýtt!**
20 tickets discount card

Börn: 6 – 13 ára 300 kr.
Children 6 – 13 years old

10 miða afsláttarkort 1.500 kr.
10 tickets discount card

Sundföt – leiga 500 kr.
Swimwear

Handklæði – leiga 500 kr.
Towel

Vörur tengdar sundi
seldar í afgreiðslum
lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna
akstur á milli
lauganna.

Frítt í sund fyrir 18
ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitar-
félaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skirteinis.

**Neslaug og
Skeiðalaug
eru á**

facebook

Fylgist með þar ☺



Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.